

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995.

2. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss hefur ákveðið grunngjald vegna sorphirðu, kr. 5.500, árgjald sem er grundvallað á því að einu sinni í viku sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili.

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins.

Gjaldendum er skipt í flokka, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, miðað við áætlaðan úrgang frá hverju fyrirtæki og/eða starfstöðum þeirra.

Flokkunin er sem hér segir:

- | | | | |
|----|-----|--------|---|
| a. | kr. | 3.850 | Urðað magn (áætlað) að 12 m ³ á ári. |
| b. | kr. | 11.550 | Urðað magn (áætlað) frá 12 m ³ að 48 m ³ á ári. |
| c. | kr. | 46.200 | Urðað magn (áætlað) yfir 48 m ³ á ári. |

Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til, viðvarandi eða tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu, vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki, stofnanir og aðra sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins er innheimt samhliða fasteignagjöldum. Gagnvart þeim notendum urðunar- og söfnunarsvæðis sem ekki eru jafnframt greiðendur fasteignagjalda skal sorpeyðingargjald innheimt með tveimur jöfnum greiðslum, með gjalddögum 1. júní og 1. september.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Blönduóss staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 8. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.